

Nd.

44. Frumvarp

til laga um hafnargerð á Dalvík.

Flutningsm.: Bernh. Stefánsson.

1. gr.

Til hafnargerðar á Dalvík veitast úr rikissjóði, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin samþykkir, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, $\frac{2}{5}$ kostnaðar, allt að kr. 150000, gegn því að frá hafnarsjóði Dalvíkur komi $\frac{2}{5}$ kostnaðarins, kr. 150000, og Svarfaðardalshreppi $\frac{1}{5}$ kostnaðar, kr. 75000.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast, fyrir hönd rikissjóðs, allt að kr. 150000 lán, er hafnarsjóður Dalvíkur kann að fá til hafnargerðar, gegn ábyrgð sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu.

Tillag úr rikissjóði og ábyrgð ríkisins er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem stjórnarráðið samþykkir.

3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati þriggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Dalvíkur.

4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá upptökum hafnargarðsins í fjörunni, innan við Brinnestöng, eftir legu garðsins í austur, og úr enda hans bein lína til lands, í takmarkalínu verzlunarlóðarinnar á Böggvisstaðasandi.

5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Svarfaðardalshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því og uppdráttur, ef með þykir þurfa. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hættu stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 50—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

6. gr.

Hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefna, undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

Hreppsnefndinni er heimilt, með samþykki atvinnumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi lönd og lóðir, sem liggja að höfninni og nauðsynleg kynnu að vera til hagnýtingar hennar og fyrir kaптúnið.

7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 3 menn, 2 kosnir af hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps, en 1 af sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 3 ára og gengur 1 úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefnd hefir ábyrgð á eigum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki, án leyfis ráðuneytisins, selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnarinnar, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnavirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkvæmt 5. grein.
2. Helming hækkunar lóðarleigu í landi þeirra jarða, er að höfninni liggja, og allt að $\frac{1}{2}$ hluta lóðargjalda nýrra lóða. Þar til núgildandi leigumálar eru fallnir úr gildi, skulu, þegar höfnin er nothæf, dómkvaddir menn meta sanngjarna lóðarleigu á 5 ára fresti, og skulu lóðarnotendur þá greiða í hafnarsjóð allt að $\frac{1}{2}$ af þeirri upphæð, sem matið er herra en núverandi leigumáli ákveður.
3. Af skipum og bátum, er hafna sig á Dalvíkurhöfn, og farmi þeirra:
 - a. Lestagjald.
 - b. Vitagjald.
 - c. Vörugjald. -- Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna, ef þær eru ekki settar í land.
 - d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
 - e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
 - f. Allt að $\frac{1}{2}$ hlut af hverjum vélbáti, 6 smálesta eða stærri, og hlutfallslega af síldveiðiskipum og togurum, en allt að $\frac{1}{4}$ hlutar af smærri vélbátum en 6 smálesta og róðrabátum.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps semur og atvinnu-
málaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta. Heimilt er að innheimta hafnargjöld jafnskjótt og byrjað er á hafnavirkinum.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarsjóðs samkvæmt tölulíð 3, a., b. og c.

12. gr.

Nú má álita, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki stjórnarráðsins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið

má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Það, sem þá kann að vanta, greiðist úr sveitarsjóði Svarfaðardalshrepps. Öll gjöld til hafnarsjóðs má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánuðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki stjórnarráðsins þarf til, skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætluðum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leita samþykkis ráðuneytisins til þess að vikja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhalla.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir þurfa. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögglumál.

G r e i n a r g e r ð .

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi og var samþ. í Nd., en varð ekki útrætt í Ed. Þykir nægja að vísa til greinargerðar þeirrar, sem fylgdi frv. í fyrra.